

kröfum og kærum hinna stefndu, bæjarfulltrúanna á Ísafirði í máli þessu. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Nr. 20/1876

Guðríður Gunnlaugsdóttir

gegn

Ásgeiri Finnbogasyni.

D ó m u r.

Með yfirdómsstefnu, dagsettri 19 júní þ. á., hefur Guðríður Gunnlaugsdóttir á Deildarkoti á Álptanesi, að fenginni uppreisn og gjafsókn, áfrýjað til yfirdómsins úrskurði, kveðnum upp fyrir skiptarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 29. júlímán. f. á., þar sem skiptaráðandinn neitar að taka bú bróður hennar, Sigurðar heitins Gunnlaugssonar, til skipta, og hefur hún krafizt, að nefndur úrskurður verði felldur úr gildi og hlutaðeigandi skiptaráðandi skyldaður með dómi til að taka bú Sigurðar til reglulegrar skiptameðferðar, svo og að hinn stefndi, Ásgeir dannebrogsmáður Finnbogason á Lundum, verði dæmdur til að borga málskostnað með 50 krónum eða einhverju nægilegu. Aftur á móti hefur hinn stefndi krafizt, að úrskurður skiptaráðandans verði staðfestur.

Málavextir eru þeir, að með gjörningi 22. september 1874 afhenti Sigurður Gunnlaugsson hinum stefnda, Ásgeiri Finnbogasyni, allar eigur sínar þá þegar gegn því, að hinn stefndi annaðist hann, meðan hann lifði, og að honum látnum gjörði útför hans heiðarlega; en 4. apríl árið eptir gjörði nefndur Sigurður þá ráðstöfun eigna sinna eptir sinn dag, að systir hans Guðríður skyldi erfa tvær jarðir, sem nefndar eru í arfleidslubrjefinu og allt lausafje og útistandandi skuldir, en hinn stefndi skyldi eignast eina nafngreinda jörð. Þegar Sigurður skömmu seinna var látinn, krafðist Guðríður

samkvæmt arfleiðslubrjefinu, að skiptarjetturinn tæki bú Sigurðar til skipta, en, eins og áður er sagt, neit- aði skiptarjetturinn að taka þá kröfu til greina, af þeirri ástæðu, að Sigurður hafði verið búinn að afhenda allar eigur sínar með ofanefndum gjörningi, og hefði því ekki seinna getað ráðstafað þeim á annan hátt.

Áfrýjandinn byggir rjettarkröfu sína á því atriði, að gjörningurinn frá 22. september 1874 sje ógildur fyrir þá sök, að Sigurður ekki hafi eins og fyrir er mælt í Jb. Ffb. 8. kap., boðizt nánustu frændum sínum, áður en hann seldist arfsali, eða gaf hinum stefnda próventu sína, og þar sem hinn stefndi þannig ekki hafi verið orðinn eigandi að fjármunum Sigurðar fyrir lát hans, hljóti skiptarjetturinn að vera skyldur til að taka búið til skipta eptir kröfu áfrýjandans, sem sje rjettur erfingi. En við þetta er það aðgætandi, að eigur Sigurðar voru, eins og segir í gjörningnum 22. septbr. 1874, afhentar hinum stefnda þá þegar til eignar, og gátu því ekki tekizt af skiptarjettinum til skipta að hinum stefnda nauðugum, fyr en búið væri að dæma gjörninginn ógildan á reglulegan hátt. Að fasteignir Sigurðar ekki geti álitizt afhentar hinum stefnda, af því hann eigi hafi þinglýst afsalsbrjef fyrir sjerhverri þeirra, er ekki rjett, þar sem hjer ekki er um afsal einstakra fasteigna að ræða, heldur um það, að hinn stefndi gangi að öllu leyti í Sigurðar stað, að því er fjárhag Sigurðar snertir, hvort heldur er eigur eða skuldir, rjettindi eða skyldur.

Yfirdómurinn verður þannig að vera skiptaráðand- anum samdóma um, að Sigurður Gunnlaugsson ekki hafi látið eptir sig neitt bú, er til skiptameðferðar geti komið, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð skiptarjettarins, og hlýtur málskostnaður eptir þessum úrslitum málsins að falla niður.



Að því leyti sem málið hefur verið gjafsóknarmál, hefur sókn þess verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Urskurður skiptarjettarins á óraskaður að standa.

Málskostnaður fellur niður.

Nr. 24/1876:

Jón Einarsson

gegn

Finnboga Árnasyni.

Dómur.

Mál þetta er þannig undir komið, að nokkru fyrir júl 1872 byggði Jón Einarsson á Vetleifsholtsparti bóndanum Finnboga Árnasyni út af Eystra-Geldingalæk, er Jón hafði erft eptir föður sinn, en Finnbogi sat kyrr fyrir því og fór hvergi; kallaði Jón þá Finnboga fyrir sáttanefnd, og samdist þá svo á millum þeirra 1. nóvbr. 1873, að Jón lofaði Finnboga, að hann skyldi fá fasta byggingu á Eystra-Geldingalæk með því móti, að Jóni innan 3 ára eða ekki seinna en í fardögum 1876 væri útveguð til ábúðar eða eignar jörð innan Rangárvallasýslu eða í uppsveitum Árnessýslu, er að tveggja óvilhallra manna mati væri jafngildi Eystra-Geldingalæksins, og skyldi sinn matsmaðurinn kjörinn af hvorum þeirra, en yrði Jóni á þessu tímabili eigi útveguð jafngild jörð, lofaði Finnbogi að standa góðviljuglega upp af Geldingalæknum, Jóni kostnaðar- og fyrirhafnarlaust. Hinn 6. desember 1875 gjörði nú Jón Finnboga aðvartum, að hann þá í næstkomandi fardögum yrði að fara burtu með allt sitt af Geldingalæknum, nema hann þá væri búinn að útvega sjer eptir sætt þeirra til eignar eða ábúðar jafngóða jörð, og ljet stefnuvotta birta honum útbyggingarbrjef það; en nokkru seinna, eða 19. s. m., áttu þeir fund með sjer, og komu þar virðingarmenn